

## Rekstrarsamningur

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur Hafnarfjarðarbær og Bæjarbío ehf., kt. 611116-0550, hér eftir nefnt Bæjarbío gera með sér samning um umsjón með skautasvelli í miðbæ Hafnarfjarðar. Vísað er til annars samnings milli aðila um rekstur Bæjarbíós.

### I. Umfang samnings

#### 1. gr.

Samningurinn gildir um rekstur á skautasvelli, þar með talið skautasvell, hliðargrindur, skautar, skautagrindur, hjálmar, skautaskerpivél og fleira sem skautasvellinu tengist. Bæjarbío tekur að sér að hafa umsjón með og að vera rekstraraðili á skautasvellinu, sölu aðgangsmiða og skautaleigu í aðdraganda jóla þar til ákveðið verður að loka svellinu eftir jólin í samræmi við ákvæði samnings þessa. Bæjarbío er ábyrgðaraðili fyrir rekstri á skautasvellinu og skal ávallt leitast við að halda sig innan fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri.

### II. Afnot af skautasvellinu

#### 2. gr.

Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að sem flest börn geti fengið að nota svellið án gjaldtöku og til kl. 15 alla virka daga er því ekki innheimt gjald fyrir aðgang en utan þess tíma sér Bæjarbío um útleigu á skautum og öðrum búnaði skv. sérstakri gjaldskrá sem Hafnarfjarðarbær og Bæjarbío ákveða og er skilgreind í fylgiskjali 1.

#### 3. gr.

Hafnarfjarðarbær á rétt á að nýta skautasvellið í einstaka tilfellum í desember fyrir starfsemi sína eða fyrir viðburði á hans á vegum, án endurgjalds eða gegn hóflegri gjaldtöku þ.e.a.s. ef Bæjarbío veitir bænum þjónustu vegna þessa, en þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi Bæjarbíós. Um slík afnot skal haft samráð við Bæjarbío og áform þar um tilkynnt með góðum fyrirvara. Þá getur Bæjarbío fengið að nýta skautasvellið á öðrum tímum ársins á sinn kostnað, eins og t.d. í tengslum við bæjarhátíðina Hjarta Hafnarfjarðar og fleira.

### III. Rekstur skautasvellsins

#### 4. gr.

Hafnarfjarðarbær er eigandi skautasvellsins og annars búnaðar sem skautasvellinu tengist, s.s. skautar, skautagrindur, skerpivél og áhöld til þrifa á svellinu, og leggur til svæði fyrir skautasvellið og greiðir fyrir uppsetningu þess í desember skv. fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar og í samráði við Bæjarbío varðandi áætlun um kostnað við uppsetningu. Auk þess greiðir Hafnarfjarðarbær allar lögboðnar tryggingar sem eigandi skautasvellsins. Bæjarbío tekur að sér rekstur skautasvellsins miðað við;

- opnunartíma/þjónustutíma á dag, á viku og/eða mánuði sem aðilar sammælast um og er skilgreindur í fylgiskjali 2
- vaktaplan starfsmanna og umfang starfseminnar skv. fylgiskjali 2

#### 5. gr.

Bæjarbío sinnir skyldum samkvæmt samningi þessum. Meðal verkefna er ráðning starfsmanna við útleigu, móttöku, þrif og önnur verk sem til falla. Bæjarbío skal skipuleggja vaktir, vinnutíma, frí o.fl. Bæjarbío annast ráðningu og gerð ráðningarsamninga við starfsmenn. Bæjarbío skuldbindur sig til að

hafa að lágmarki einn til tvo starfsmenn við störf við skautasvellið á hverjum tíma meðan starfsemi er í gangi og þrjá til fjóra einstaklinga við störf á háannatíma. Starfsmenn skulu hafa lokið sérstökum námskeiðum í skyndihjálpi fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja og umhirðu skautasvellsins.

Merki Hafnarfjarðarbæjar sem aðalstyrktaraðila starfseminnar skal birt á öllu útgefnu efni tengdu skautasvellinu. Bæjarbío er heimilt að nota heitið Hjartasvellið á samningstímanum um starfsemi skautasvellsins í samræmi við samning þennan.

#### 6. gr.

Bæjarbío fær í sinn hlut allar tekjur sem skautasvellið kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og ber að greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir. Tekjur þessar eru ætlaðar til að styðja við rekstur í Bæjarbío og til að bæta þjónustu við bæjarbúa.

Bæjarbío er heimilt að stunda sölustarf við skautasvellið á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar.

Bæjarbío er heimilt að setja upp auglýsingar sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífshátta á hliðarveggi á skautasvellinu og fá mögulega styrktaraðila til að styðja við reksturinn og skal það gert í fullu samráði við Hafnarfjarðarbæ.

Fjáröflun Bæjarbíós skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Hafnarfjarðarbæ.

#### IV. Viðhald

#### 7. gr.

Hafnarfjarðarbær annast nauðsynlegt viðhald á skautasvellinu á þann hátt að starfsemi á skautasvellinu verði fyrir sem minnstri truflun. Lögð er áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

#### 8. gr.

Umhirða, umgengni og þrif á skautasvellinu er á ábyrgð Bæjarbíós og skal vera í samræmi við kröfur Hafnarfjarðarbæjar, heilbrigðisyfirvalda og framleiðanda skautasvellsins sem veitir 12 ára ábyrgð á svellinu séu kröfur uppfylltar. Hafnarfjarðarbær sér til þess að aðgengi sé að sérfræðingum Glice á öllum stigum uppsetningar.

#### V. Upplýsingaskylda Bæjarbíós og viðurlög

#### 9. gr.

Bæjarbío er skylt að halda samandregið bókhald vegna tekna og kostnaðar skautasvellsins sem Hafnarfjarðarbær skal fá upplýsingar um fyrir 1. mars ár hvert.

#### 10. gr.

Telji Hafnarfjarðarbær að skautasvellið sé ekki rekið samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Hafnarfjarðarbæ er heimilt að rifta samningi þessum ef ekki er orðið strax við kröfu um úrbætur.

## VI. Ýmislegt

### 11. gr.

Eftirfarandi fylgiskjöl fela í sér nánari útfærslu á rekstri skautasvellsins, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

Fylgiskjal 1: Gjaldskrá skautasvellsins í Hjarta Hafnarfjarðar

Fylgiskjal 2: Opnunartími skautasvellsins og vaktaplan starfsmanna

Fylgiskjal 3: Áætlun Glice um þrif og umhirðu á gerviþplötum, skautum og skerpivél

Breytingar á fylgiskjöllum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjali skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningum sjálfum.

### 12. gr.

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir til 1. febrúar 2023.

### 13. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 2. desember 2021

Fh. Bæjarbíós ehf.

Fh. Hafnarfjarðarbæjar með fyrirvara

\_\_\_\_\_  
Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**Fylgiskjal 1 – Gjaldskrá skautasvellsins**

Aðgangsgjald og skautaleiga eða skerping – 800 kr.

Hafnarfirði, 2. desember 2021

Fh. Bæjarbíos

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

---

---

## Fylgiskjal 2 - Opnunartími skautasvellsins

Aðilar eru sammála um eftirfarandi opnunartíma árið 2021:

Skautasvellið skal a.m.k. vera opið frá kl. 13-20 alla daga eftir að uppsetningu lýkur nema á öllum almennum helgidögum.

Gert er ráð fyrir að 1-2 starfsmenn séu við störf hverju sinni og 3-4 á háannatíma.

Hafnarfirði, 2. desember 2021

Fh. Bæjarbíos

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

---

---

**Fylgiskjal 3 - Áætlun Glice um þrif og umhirðu á gerviísplötum, skautum og skerpivél**

		<b>Úti-skautasvell</b>
<b>Lítill notkun</b>	<b>Daglega:</b>	Ryksuga svellið
	<b>Aðra hvora viku:</b>	Fogger + Glice Clean Bóna svellið Fogger + Glice Care
	<b>Mánaðarlega:</b>	Háþrýstipvottur
<b>Mikil notkun</b>	<b>Daglega:</b>	Ryksuga svellið x2
	<b>Daglega:</b>	Fogger + Glice Clean Bóna svellið Fogger + Glice Care
	<b>Annar hvern mánuð:</b>	Háþrýstipvottur

Við notkun á skautaskerpivél skal alltaf nota ryksugu og ryksuga hana að utan og innan í lok dags.

Þrifa þarf sokka í skautum eftir þörfum.